

Athugasemd í tilefni af fréttatflutningi Morgunblaðsins af stefnumiðum Kvennalistana.

í Mbl. 23 mars síðastliðinn er eftirfarandi setning höfð eftir mér og henni slegið upp sem fyrirsögn á frétt um stefnumið Kvennalistanna: "Ekki hægt að afvopna Ísland nema afvopnað sé á fleiri stöðum". Ekki rekur mig minni til að hafa viðhaft nákvæmlega þessi orð við blaðamann Mbl., en hins vegar ~~velkist~~ ég ekki í neinum vafa um hvað ég sagði efnislega og það vil ég hér með áréttu þar sem inntak orða minna hefur greinilega skolast til í meðförum blaðsins og svör míni stytt meira en góðu hófi gegnir.

Spurningarnar sem lagðar voru fyrir mig voru tvær, sú fyrri var hvort ég væri hlynkt aðild Íslands að NATO og sú síðari var hvort ég vildi hafa Bandarískan her hér á landi. Þessum spurningum hefur hingað til verið svarað með einföldu já-i eða nei-i og slik svör vildi blaðamaður Mbl. fá, en svo einfalt tel ég málið því miður ekki vera.

Ég svaraði blaðamanni Mbl. ~~þurfti~~ að ég teldi reynsluna sýna að það væri gagnslaust að ræða það sem Mbl. kallaði varnarmál Íslands á þeim grundvelli sem þessar spurningar byðu upp á. Þannig hefðu þessi mál verið rædd allar götur síðan 1949 og að í dag stæði þjóðin í ~~nákvæmlega~~ ^{Suður} sömu sporum og þá hvað þau varðaði. Ég benti á hvernig íslenskir stjórnmálaflokkar hefðu gegnum árin notfært sér þetta mál sjálfum sér til framdráttar, dustað af því rykið fyrir hverjar kosningar, notað það til að hala inn atkvæði og síðan lagt það á hilluna eftir hverjar kosningar í vel merktri möppu til að hafa til taks við þarnæstu kosningar. Það er út af fyrir sig lýsandi í þessu samhengi að Mbl. skuli aðeins hafa áhuga á að spyrja um afstöðu Kvennalistanna til aðildar Íslands að NATO og veru hers hér á landi, á grundvallarbaráttumáli Kvennalistanna, mannréttindabaráttu kvenna, hefur Mbl. ekki áhuga. Eins og ávalt áður skal 'hermálið' notað til að draga fólk í flokkspólítiska dílka, ekki vegna þess að afdrif þessa máls skipti stjórnmálaflokkana miklu, heldur vegna þess að þetta er mál sem þeir geta notað

Lí í at

til að greina sig hver frá öðrum og skilgreina aðra út frá
sínum eigin forsendum (að þannum hefur það hingað til gagnast
vel við atkvæðasölu fyrir kosningar.) Svo lyfssundur geti vildat
livat því eigi at lígtra

Eg sagði við blaðamann Mbl. að mér fyndist petta mál varða
þjóðina svo miklu að ég vildi ekki taka þátt í með-eða-á-móti-
leiknum sem stjórnmálaflokkarnir hafa leikið á þessu sviði
sjálfum sér til framdráttar en málinu til ópurftar. Eg sagði
að ég vildi reyna að nálgast petta mál á annan máta til þess
að reyna að svipta burt þeirri flokkspólítísku hulu sem liggur
yfir þessu máli og sem hindrar alla sýn á þann raunveruleika
sem við okkur blasir, raunveruleika gjöreyðingarhættunnar sem
nú ógnar öllu lífi á jörðinni.

Eg sagði að af þessum sökum yrðum við að ræða um afvopnun
~~stjórnmálaflokkanna~~ en hvæð Island eitt varðaði, Annars vegara
kæmumst við hvorki ~~stjórn~~ lönd né strönd á þeim yettvangi fyrir
hefðbundnu flokkspólítísku ~~þrefi~~ sem hindraði alla skynsamlega
umræðu þar um, og hins vegar væri ~~málið~~ ~~stærra~~ en svo að hægt
~~væri að leyfa~~ það með því einu að taka aðstöðu gegn hersetu á
Islandi.

Við Kvennalistakonur erum friðarsinnar, við teljum alla
heri alls staðar hættulega, einnig þann sem hér er, og við erum
á móti öllum hernaðarbandalögum, einnig því sem við erum í.
Við teljum að ógnarjafnvægi tryggi ekki friðinn, það sér hvert
mannsbarn að tortímingarvopnин eru hættuleg. En er það full-
nægjandi svár við þeirri ógn sem við okkur blasir að berjast
fyrir því að fá vígbúnaðinn fluttan um set út fyrir íslenska
lögsögu? Ná eyðileggingsaráhrif vopnanna ekki jafnt til okkar
fyrir því? Drepa þau ekki börnin okkar eftir sem áður?
Hvað vitum við í rauninni um það hvaða vígbúnaður er hér á
landi og í næsta nágrenni við okkur? Hvaða upplýsingum um þessi
efni er haldið leyndum fyrir landsmönnum og hvers vegna?
Hvernig er tengslum íslensks efnahagslifs og hernaðarhagsmunu í
reynd varið? Hvers vegna hafa þeir sem aðstöðu hafa haft til
að gera eitthvað í þessum málum ekkert gert?

Við slíkum spurningum verðum við að fá svör til að geta
XXXXX endanlega safnið ~~XXIX þessum málu~~ XXXIX

vari Íslанд kluti af feild ~~feild~~
það að þa feild yrði að fá eins meiri
rekinningsili. Þegar mið vorum að ræða um
að vorum að Íslandi

ákvæðið hvernig best sé að taka á þessum málum og sílk svör liggja ekki á lausu við núverandi aðstæður. Þess vegna verðum við að reyna að ræða um þessi mál á annan máta en verið hefur. Við verðum að leysa þau úr þeim flokkspólitísku viðjum þar sem þau hefur dagað uppi og við verðum að ræða þau heiðarlega og af fyllstu alvöru og án þess að draga nokkuð undan því ~~þau verða~~
~~síðast um líf og dýrða ekkar allra.~~ Að undangenginni viðunandi umræðu af þessu tagi tel ~~um~~ réttast að leggja ~~á~~ aðild Íslands að NATO og veru erlends hers hér á landi fyrir þjóðina í beinni atkvæðagreiðslu. ~~því það er deginum ljósara að um þetta mál er ekki hægt að kjósa með því að kjósa fulltrúa stjórnmálaflókka á Alþingi Íslendinga.~~

Festla miðal.

Með þökk fyrir birtninguna.

Reykjavík 25. mars 1983

Sigriður Dúna Kristmundsdóttir

Festla miðal
Sigriður Dúna Kristmundsdóttir
þjónustu með óvægum
þjónustu til að afgrinda þetta miðal

þorlögum Guðrúnundsson

Miðal með óvægum
þjónustu til að afgrinda
þetta miðal